

# Launavernd - Örorku-, líf- og sjúkdómatrygging

## Grundvöllur váttryggingarsamnings og orðskýringar

Váttryggingarsamningurinn samanstendur af skilmálum þessum, upplýsingum á umsóknareyðublaði og öðrum gögnum sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, ef ábyrgð félagsins hefur fallið niður eða takmarkast og þess hefur verið óskað að váttryggingin taki gildi aftur. Váttryggingarskríteinið og þau atriði sem fram koma á því sem og ákvæði laga nr. 30/2004 eru einnig hluti af váttryggingarsamningi.

Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

**Félagið:** Vörður líftryggingar hf.

**Váttryggingartaki:** Sá sem gerir einstaklingsbundin váttryggingarsamning.

**Váttryggður:** Sá maður hvers lífs eða heilsu váttryggingin tekur til.

**Réttthafi:** Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

**Samningur:** Það samkomulag sem í gildi er milli félagsins og Landsbanka Íslands hf. um Launavernd og váttryggingartaki hefur aðgang að vegna tiltekinna viðskipta við Landsbanka Íslands hf.

**Hópur:** Þeir váttryggingartakar sem eiga aðgang að samning milli félagsins og Landsbanka Íslands hf. um Launavernd Landsbanka Íslands og rétt til þessara skilmála og verðlagningar sem Landsbanki Íslands hf. hefur samið um við félagið fyrir hönd sinna viðskiptavina.

**Samningstími:** Sá tími sem líður frá útgáfudegi skríteinisins til þess lokadags sem þar er skilgreindur.

Váttryggingaratburður: Ef váttryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þá aðgerð, lendir í slysi, andlát váttryggðs kemur til eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem skilgreind eru í skilmálum tryggingar.

**Váttryggingarfjárhæð:** Sú fjárhæð sem til greiðslu kemur ef váttryggingaratburður verður.

**Fjármálaeftirlitið:** Opinber eftirlitsaðili sem hefur eftirlit með starfsemi váttryggingarféлага hér á landi skv. lögum nr. 60/1994 og síðari breytingum.

**Vísitala:** Vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

## Almenn ákvæði Launaverndar

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar váttryggingar eftir því sem við á.

### 1. gr. Upphaf og lok váttryggingarinnar

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið og samþykkt útfyllta og undirritaða umsókn um váttryggingu ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum, en þó ekki fyrr en á þeim degi sem tilgreindur er í váttryggingarumsókn. Váttryggingin gildir einungis í eitt ár frá fyrsta gjalddaga eftir að váttryggður hefur náð 60 ára aldri. Eftir það fellur hún endanlega niður. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskríteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn.

Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar. Hafi váttryggður verið metin til varanlegrar örorku af völdum sjúkdóma eða slyss einu sinni eða oftár og þannig að metin varanleg örorka nemur samanlagt 100% og félagið hefur greitt örorkubætur úr váttryggingunni sem nemur allri váttryggingarfjárhæðinni auk verðbóta skv. 2. gr. 3. kafla fellur örorkuverndin sjálfkrafa úr gildi og endurnýjast ekki framar. Komi til greiðslu bóta úr sjúkdómatryggingu vegna veikinda váttryggðs fellur sjúkdómatryggingin niður og endurnýjast ekki framar. Komi til greiðslu líftryggingarbóta vegna andláts váttryggðs fellur váttryggingin niður í heild sinni. Iðgjald endurgreiðist ekki við uppgjör bóta úr váttryggingunni. Hafi váttryggingaratburður orðið sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggðs eða gerbreyting orðið á áhættumati sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, er félaginu heimilt að segja upp örorkuverndinni með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. skv. 76. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

### 2. gr. Iðgjaldagreiðslur og vanskil

Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Váttryggingartaki fær 30 daga frest til greiðslu frá þeim degi sem félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Sé iðgjald enn ógreitt þegar greiðslufresti líkur sendir félagið váttryggingartaka tilkynningu með áminningu um vanskil þar sem gefinn er 14 daga lokafrestur til greiðslu. Krafa um greiðslu er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Váttryggingarsamningurinn fellur úr gildi ef iðgjöld eru ekki greidd að loknum veittum fresti.

### 3. gr. Réttur til áframhaldandi tryggingarverndar

Falli váttryggingartaki eða váttryggður úr hópnum af öðrum ástæðum en vegna aldurs eða verði samningi um Launavernd slitið hefur hann rétt til að halda váttryggingarverndinni með einstaklingsbundnum iðgjaldaútreikningi og almennum skilmálum félagsins án þess að veita nýjar heilsufarsupplýsingar. Skal viðkomandi tilkynnt með fullnægjandi hætti um rétt sinn til að halda váttryggingunum áfram.

Vilji hann hagnýta sér réttinn skal hann gera það innan þriggja mánaða eftir að ábyrgð félagsins féll niður.

#### 4. gr. Uppsögn

Félagið getur sagt upp váttryggingu ef rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafa verið gefnar við töku tryggingar eða váttryggingartaki eða váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingarskyldu sína, sbr. 76. og 84. gr. laga nr. 30/2004. Váttryggður getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er og skal það gert skriflega, skv. 1. mgr. 75. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. Laga nr. 30/2004.

#### 5. gr. Svik og rangar upplýsingar

Við gerð váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka eða eftir atvikum váttryggðum að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sömuleiðis ber váttryggingartaka og eftir atvikum váttryggðum að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína til félagsins um atvik sem haft geta áhrif á mat þess fellur ábyrgð félagsins til váttryggingar eða bótageiðslu niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laga nr. 30/2004 svo og öðrum váttryggingarsamningum sem það hefur við váttryggingartaka eða váttryggðan án fyrirvara.

Veiti sá er krefur félagið um bætur rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi sbr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

#### 6. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

Váttryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um váttryggingaratburð á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á sbr. 125 gr. laga nr. 30/2004. Undanskilið þessu er krafa úr líftryggingu váttryggingarinnar. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs eða réttthafa í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004. Þegar það atvik sem váttryggður er gegn hefur átt sér stað eða hættu er á því að það gerist ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra tjóninu eða lágmarka það. Váttryggðum ber að hlíta fyrir mælum félagsins sem beinast að því að takmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Sinni váttryggður ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein getur það haft í för með sér takmörkun eða brottfall bótaábyrgðar félagsins sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Váttryggðum ber að leita læknis strax og sjúkdóm eða slys ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrir mælum læknis.

Við uppgjör tjóns skal váttryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð. Ef váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika. Við sérstakar aðstæður getur váttryggður þó átt rétt til bóta að hluta sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Eigi þessi grein við getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara sbr. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

#### 7. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar samkvæmt þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga til þess að slíta váttryggingarsamningnum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega. Greiði félagið 100% örorkubætur sem nemur allri váttryggingarfjárhæðinni fellur örorkuverndin niður og iðgjald endurgreiðist ekki. Greiði félagið bætur úr líf- eða sjúkdómtryggingu vegna váttryggðs, fellur viðkomandi tryggingin niður og iðgjald endurgreiðist ekki.

#### 8. gr. Greiðslur bóta og vextir

Við greiðslu bóta úr sjúkdómtryggingunni eða örorkutryggingunni fellur sú vernd úr gildi, nema í þeim tilfellum þar sem verið er að greiða bætur vegna barna váttryggðs. Greiðslur bóta úr váttryggingunni vegna barna váttryggðs hafa hvorki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi váttryggingarinnar. Við greiðslur bóta úr líftryggingunni fellur váttryggingin úr gildi í heild sinni þó ekki ef verið er að greiða vegna barna váttryggðs.

Bætur eru ekki greiddar nema váttryggingaratburður sé staðfestur á gildistíma váttryggingarinnar. Eftir að váttryggingin er fallin úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkur að því að sjúkdómar hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.

Bætur eru ekki greiddar fyrr en íslenskur sérfræðingur í viðkomandi sérgrein hefur staðfest sjúkdómsgreininguna.

Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

#### 9. gr. Breyting á iðgjaldsgrundvelli

Félagið áskilur sér rétt til að breyta iðgjaldsgrundvelli ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í upphafi. Allar slíkar breytingar yrðu sendar Fjármálaeftirlitinu áður en þær tækju gildi sbr. 58. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi.

#### 10. gr. Þagnarskylda og persónuvernd

Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál og er bundið af reglum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Félagið notar persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingarinnar aðeins við mat á tryggingarbeiðnum og við afgreiðslu bótakrafna.

#### 11. gr. Meðferð ágreiningsmála

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

#### 12. gr. Varnarþing

Mál sem kunna að koma upp vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 13. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti vísast í skilmála á samningi eða öðrum gögnum sem samningurinn byggir á, váttryggingarskírteini og lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 1.kafli - Líftrygging

#### 1. gr. Bótasvið

Félagið greiðir váttryggingarfjárhæðina til réttahafta ef váttryggður deyr á gildistíma váttryggingarinnar.

#### 2. gr. Barnalíftrygging

Ef barn váttryggðs tveggja mánaða til átján ára deyr á váttryggingartíma greiðast dánarbætur til váttryggðs. Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteini.

Skilgreining á börnum eru börn og ættleidd börn váttryggðs, einnig fósturbörn og stjúpbörn váttryggðs sem eiga lögheimili og búa á sama stað og váttryggður.

Bætur greiðast ekki vegna andláts sem rekja má til ástands barns fyrir þann tíma er váttryggingin tekur gildi sbr. c. lið 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 enda aflar félagið ekki upplýsinga um heilsufar barnsins.

Um ættleidd börn gildir að félagið er ekki bótaskyld ef hægt er að rekja andlátið til ástands sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.

#### 3. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

#### 4. gr. Áhættubreyting

Hætti váttryggður reykingum hefur hann kost á að skila inn til félagsins skriflegri staðfestingu þess efnis til lækkunar iðgjalds. Váttryggður þarf að hafa verið hættur reykingum í 12 mánuði samfleytt til að lækkun iðgjalds komi til og breytist iðgjaldið þá frá og með næstu endurnýjun að þessum tíma liðnum.

#### 5. gr. Váttryggingarfjárhæð og verðtrygging

Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittunum. Við endurnýjun skírteinis hækkar váttryggingarfjárhæðin og ársiðgjaldið í samræmi við á breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samningsins, sem skráð er á skírteinið, til vísitölunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð né ársiðgjaldi.

#### 6. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Svipti váttryggður sig lífi innan tólf mánaða frá gildistöku er félagið laust úr ábyrgð, nema sannað teljist að sjálfsvíg hafi ekki verið haft í huga við töku váttryggingarinnar, sbr. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

#### 7. gr. Iðgjaldafrelsi

Váttryggður öðlast rétt á hlutfallslegri lækkun iðgjalda skerðist starfsorka hans um 50% eða meira. Hægt er að sækja um iðgjaldafrelsi sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn hófst og gildir það til 60 ára aldurs.

Beiðni um iðgjaldafrelsi skal berast skriflega á þar til gerðu eyðublaði og sendast félaginu ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissi, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni hins váttryggða til þess að gegna sínu venjulega starfi og möguleikum til að gegna öðrum störfum. Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis getur félagið krafist heilsufarsupplýsinga af honum, svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.

#### Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis:

- Fyrir lengra tímabil en 1 ár aftur í tímann áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu.
- Vegna sjúkdóma sem váttryggður hafði eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku váttryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku váttryggingarinnar.
- Ef orsök starfsorkumissisins er af völdum styrjalda, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisna eða svipaðra atvika.

- Ef orsök starfsorkumissisins er misnotkun áfengis, fíkniefna eða eitufretna eða þátttaka í refsiverðum verknaði. Ákvæði um brot á upplýsingaskyldu, svik og rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi eftir því sem við á. Um iðgjaldafrelsi gilda að öðru leyti almenn ákvæði skilmála váttryggingarinnar, eftir því sem við á.

#### **8. gr. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar**

Hafi líftrygging verið samþykkt án álags og með venjulegum skilmálum getur váttryggður óskað eftir hækkun á váttryggingarfjárhæð án frekari upplýsinga um heilsufar sitt. Beiðni þarf að berast skriflega til félagsins innan þriggja mánaða frá eftirfarandi atvikum:

- Váttryggður eignast barn
- Váttryggður ættleiðir barn sem er yngra en 18 ára

Váttryggingarfjárhæðin getur að hámarki hækkað um 25% eða 3.500.000 kr. hvort sem lægra er. Váttryggingarfjárhæðin getur þó aldrei orðið hærri en 18.000.000 kr. Umrædd hækkun váttryggingarfjárhæðar hefur sama gildistíma og sú váttrygging sem verið er að hækka. Þennan rétt má nýta sér í tvígang. Réttur til hækkunar fellur niður frá og með 45 ára afmælisdegi váttryggðs.

#### **9. gr. Breyting á iðgjaldsgrundvelli**

Félagið áskilur sér rétt til að breyta iðgjaldsgrundvelli verði veruleg breyting á dánarlíkum. Allar slíkar breytingar yrðu sendar Fjármálaeftirlitinu áður en þær tækju gildi sbr. 58 gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi.

#### **10. gr. Þagnarskylda og persónuvernd**

Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um líftrygginguna sem trúnaðarmál og er bundið af reglum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Félagið notar persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingarinnar aðeins við mat á tryggingarbeiðnum og við afgreiðslu bótakrafna.

## **2. kafli - Sjúkdómatrygging**

#### **1. gr. Bótasvið**

Félagið greiðir miskabætur í einu lagi í samræmi við váttryggingarfjárhæðina vegna bótaskylds váttryggingaratburðar skv. 5. gr. í skilmála þessum.

#### **2. gr. Hvar gildir váttryggingin?**

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

#### **3. gr. Áhættubreyting**

Hætti váttryggður reykingum hefur hann kost á því að skila inn til félagsins skriflegri staðfestingu þess efnis til lækkunar iðgjalds. Váttryggður þarf að hafa verið hættur reykingum í 12 mánuði samfleytt til að þetta taki gildi og breytist iðgjaldið þá frá og með næstu endurnýjun að þessum tíma liðnum.

#### **4. gr. Váttryggingarfjárhæð og verðtrygging**

Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittunum. Við endurnýjun skírteinis hækkar váttryggingarfjárhæðin og ársiðgjaldið í samræmi við á breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samningsins, sem skráð er á skírteinið, til vísitölunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð né ársiðgjaldi.

#### **5. gr. Váttryggingaratburður og skilgreiningar**

Váttryggingaratburður telst einungis verða ef váttryggður verður fyrir miska með því að greinast með einhvern þeirra sjúkdóma, gengist undir einhverja þá aðgerð eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind hér á eftir;

#### **Hjartaáfall/kransæðastífla (myocardial infarction)**

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ófullnægjandi blóðflæðis til hans. Nauðsynlegt er að öll þrjú atriðin hér fyrir neðan séu greinanleg og staðfest af sérfræðingi í hjartasjúkdómum:

- a) Dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir).
- b) Nýjar breytingar á hjartalínuriti.
- c) Hækkun á hjartaensímum, trópóníni eða öðrum lífefnavísimum.

#### **Undanskilið er:**

- Hjartaáfall án ST-hækkunar en með hækkun trópóníns I eða T.
- Önnur bráð kransæðaheilkenni.
- Einkennalaust hjartaáfall.

#### **Kransæðaskurðaðgerð (Coronary bypass)**

Váttryggður gengst undir opna hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum þar sem kransæðahjáveitugræðingur (CABG) er tengdur framhjá þrengslum í einni eða fleiri kransæð. Undir þetta falla ekki aðrar aðgerðir svo sem kransæðavíkkun eða blásning (angioplasty) eða aðgerðir með leysitækni eða um lítið op (Key hole surgery).

### Hjartalokuaðgerð (Heart Valve Replacement)

Aðgerð á hjarta þar sem gerviloku er komið fyrir í stað einnar eða fleiri hjartaloka. Þetta tekur til aðgerða á ósæðaloku, míturloku, lungnastofnsloku og þríblöðkuloku þegar um er að ræða þrengsl, leka eða báða þessa þætti. Undanskilið er viðgerð á hjartaloku, valvuloplasty eða valvulotomy.

### Skurðaðgerð á meginslagæð/ósæðaraðgerð (aorta surgery)

Vátryggður gengst undir skurðaðgerð vegna langvinnis ósæðasjúkdóms að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum, þar sem hluti ósæðar er skorinn burt og í stað hans settur græðlingur (graft). Hér er átt við ósæð í brjóst – eða kviðarholi en ekki greinar hennar.

### Heilaáfall/slag (stroke)

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða blóðsega/blóðrek með upptökum utan höfuðkúpu. Skilyrði er að einkenni varanlegra skemmda verði á miðtaugakerfi. Einkenni sem vara skemur en einn sólarhring eru undanskilin. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Nauðsynlegt er að hægt sé að sýna fram á skert taugaviðbrögð í a.m.k. 3 mánuði.

**Undanskilið** er skammvinnnt blóðþurrðarkast (TIA), einkenni frá taugakerfi vegna mígrenis, meiðsl á heila komið til vegna áverka og heilaáfall án skerðingar á taugastarfsemi.

### Krabbamein (malignant tumor)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Greining á illkynja krabbameini skal vera staðfest með vefjasýnum. Skilgreiningin innifelur einnig hvítblæði (annað en langvinnnt eitilfrumuhvítblæði) og illkynja sjúkdóm í eitla- og vessakerfinu svo sem Hodkinssjúkdóm.

### Undanskilið er:

- Sérhvert stig af innanþekjuæxli í leghálsi (CIN).
- Sérhvert forstig illkynja æxlis.
- Sérhvert krabbamein án íferðar (setbundið krabbamein).
- Blöðruhálskirtilskrabbamein á stigi 1 (T1a, 1b og 1c).
- Öll húðkrabbamein á stigi 1A (T1a, NO og MO) þar með talið sortukrabbamein.
- Sérhvert illkynja æxli samfara eyðniveirunni (HIV).
- Þekjuvefskrabbamein (Basal cell carcinoma og squamous cell carcinoma).

### Góðkynja heilaæxli

Fjarlæging á heilaæxli innan höfuðkúpu sem ekki eru illkynja. Aðgerðin eða æxlið leiðir til viðvarandi taugrænnar truflunar. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og af niðurstöðum sneiðmynda eða taugariti af heila. Viðvarandi taugræn truflun þýðir að ástandið þarf að hafa staðið í a.m.k. þrjá mánuði (staðfest af lækni).

### Undanskilið er:

- Blöðrur (cysts)
- Hnúðar (granulomas)
- Æxli í heiladingli eða mænu.
- Æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum
- Heilamar

### MS/Heila-og mænusigg (multiple sclerosis)

Ótvíræð greining heila og mænusiggs gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Einkenni sjúkdóms skulu vera dæmigerð með klínískum einkennum sem koma fram við niðurbrot á slíðri sem umlykur taugafrumur í taugakerfum, truflun á hreyfi- og skynboðum sem og niðurstöðu segulómrannsóknar. Til að greining sé staðfest verður sá tryggð annað hvort að hafa óeðlilega taugastarfsemi sem hefur staðið samfleytt í lágmark 6 mánuði eða haft tvö klínísk einkenni eða fleiri með mánaða millibili eða verður að hafa haft eitt klínískt einkenni samfara greiningu á óeðlilegum mænuvökva sem og greiningu á blettum í heila sem staðfest er með segulómum.

### MND (motor neuron disease)

Staðfesting greiningar hreyfitaugungahrönnunar (þ.e. blönduð hreyfitaugungahrönnun, frumhrönnun hreyfitaugunga, ágeng vista, mænukylfulömun) skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem starfar sem slíkur. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæða/afklæða sig, komast á og nota salerni og viðhalda eigin hreinlæti, vera hreyfanlegur, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og erfiðleika við að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

### Meiriháttar líffæraflutningar

Vátryggður gengst undir líffæraflutning sem þegi á hjarta, lunga, lifur, briskirtli, smáþörmum, nýra eða beinmerg.

### Nýrnarbilun (kidney failure)

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvor til reglubundinnar blóðskilunar (hemodialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis) eða að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.

### **Alheimersjúkdómur**

Ótvíráð greining taugasérfræðings á Alzheimer sjúkdómnum, fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs með viðeigandi rannsóknunum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæða/afklæða sig, komast á og nota salerni og viðhalda eigin hreinlæti, vera hreyfanlegur, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka eða leitt til þarfar á eftirliti og varanlegri viðveru umönnunaraðila vegna sjúkdóms. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

### **Parkinsonsjúkdómur**

Ótvíráð greining taugasérfræðings á Parkinsonsjúkdómnum af óþekktum uppruna (idiopathic) eða frumkominni parkinsonsveiki (primary) fyrir sextíu ára afmælisdag váttryggðs. Allar aðrar tegundir Parkinsonsjúkdóms/heilkennis eru undanskildar. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæða/afklæða sig, komast á og nota salerni og viðhalda eigin hreinlæti, vera hreyfanlegur, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og erfiðleika við að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt staðfestingu læknis.

### **Alvarleg brunasár**

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára. Lund Bowder Chart eða sambærilegt matskerfi skal nota við greiningu.

### **Útlímamissir**

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma ofan úlnliðs eða ökkliðs vegna slyss eða sjúkdóms.

### **Blinda**

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

### **Heyrnarleysi**

Algjör, varanlegur og óafturkræfur heyrnarmissir á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfestur af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum og niðurstöðum heyrnarmælinga.

### **Alnæmi (HIV) tilkomið vegna blóðgjafar**

Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða greining á alnæmi (AIDS) sem rekja má til blóðgjafar. Öll eftirfarandi skilyrði verða að vera til staðar:

- Smitið er tilkomið vegna blóðgjafar sem var nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum og verður að hafa átt sér stað eftir að váttryggingin tók gildi.
- Heilbrigðisstofnunin sem framkvæmdi blóðgjöfina verður að viðurkenna ábyrgð sína.
- Váttryggður er ekki blæðari.

### **Alnæmi (HIV) tilkomið vegna starfa**

Smit af völdum eyðniveiru er tilkomið vegna óhapps sem váttryggður verður fyrir í starfi sínu samkvæmt venjubundinni starfslýsingu. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan sjö daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnamælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan sex mánaða frá óhappinu.

### **Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)**

Bakteríusýking og bólga í heilahimnu eða mænu sem staðfest hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum með blóð- og mænuvökvarannsóknunum, tölvusneiðmyndum (CT) eða segulóm skoðun (MRI) af höfði.

Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

### **Alvarlegur höfuðáverki**

Alvarlegur áverki á höfði sem veldur truflun í heilastarfsemi. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og niðurstöðum myndgreiningar á taugakerfi t.d. tölvusneiðmynda (CT) eða segulóm skoðunar (MRI). Áverkinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Það skal vera læknisfræðilega staðfest að ástand þetta hafi varað í a.m.k. þrjá mánuði.

### **6. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins**

Aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru hér upp sem bótaskyld eru ekki bótaskyld samkvæmt váttryggingu þessari.

Bætur greiðast ekki vegna krabbameins né MS/Heila- og mænusiggs (Multiple Sclerosis) sem greinist á fyrstu 3 mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar né við endurupptöku hennar.

Bætur greiðast váttryggðum aðeins einu sinni úr váttryggingu þessari vegna hans sjálfs og bætur úr barnasjúkdómatryggingu greiðast aðeins einu sinni vegna hvers barns.

Skilyrði fyrir bótagreiðslur er að váttryggður lifi í a.m.k. þrjátíu daga frá því váttryggingaratburður var staðfestur.

### 7. gr. Barnasjúkdómtrygging

Bætur vegna barna váttryggðs eru greiddar ef börn tryggingartaka, samkvæmt neðan greindum aldursmörkum, verða fyrir einhverjum af þeim sjúkdómum sem bótaskyldir eru skv. skilmálum þessum.

Skilgreining á börnum eru börn og ættleidd börn váttryggðs, einnig fóstur börn og stjúp börn váttryggðs, sem eiga lögheimili og búa á sama stað og váttryggður.

#### Eftirfarandi aldursmörk gilda um barnasjúkdómtrygginguna:

a) Frá þriggja mánaða til 3ja ára eru börn váttryggð fyrir eftirtöldum váttryggingaratburðum samkvæmt skilmálum sjúkdómtryggingar:

- Krabbameini
- Góðkynja heilaæxli
- Alvarlegum brunasárum

b) Börn sem orðin eru þriggja ára og yngri en átján ára eru váttryggð fyrir váttryggingaratburðum samkvæmt skilmálum sjúkdómtryggingar.

Bætur eru 50% af váttryggingarfjárhæð eða 7.800.000 kr., hvort sem lægra er. Bætur vegna sama barns geta aldrei orðið hærra jafnvel þótt í gildi séu hjá félaginu fleiri en ein váttrygging sem barnið gæti átt bótarétt úr. Bætur vegna barna hafa ekki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi váttryggingarinnar.

Bætur eru ekki greiddar vegna sjúkdóma eða aðgerða sem sannarlega má rekja beint eða óbeint til ástands barns fyrir ofangreind aldursmörk eða fyrir töku eða endurupptöku váttryggingarinnar. Bætur eru ekki greiddar til ættleiddra barna ef hægt er að rekja orsakir sjúkdóms eða aðgerðar til ástands barns áður en það var ættleitt. Sama gildir um stjúp börn og fóstur börn.

#### Eftirfarandi fellur ekki undir skilmála þennan:

- Ástand sem kemur til áður en barn nær þrjátíu daga aldri.
- Skurðaðgerð sem gengist er undir vegna ástands sem kom til áður en barnið náði þrjátíu daga aldri (jafnvel þótt skurðaðgerðin eigi sér stað eftir þann aldur).
- Ástand sem kemur til eftir átjándu afmælisdag barnsins.
- Skurðaðgerð sem á sér stað eftir átjándu afmælisdag barnsins (jafnvel þótt aðgerðin tengist ástandi sem upp kom fyrir þann afmælisdag).

Nánar um greiðslu bóta, bótasvið og takmarkanir á bótaskyldu vísast í Almenn ákvæði, gr. 8, 9,10 og 11 eftir því sem þær eiga við.

### 8. gr. Iðgjaldafrelsi

Váttryggður öðlast rétt á hlutfallslegri lækkun iðgjalda skerðist starfsorka hans um 50% eða meira. Hægt er að sækja um iðgjaldafrelsi sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn hófst og gildir það til 60 ára aldurs.

Beiðni um iðgjaldafrelsi skal berast skriflega á þar til gerðu eyðublaði og sendast félaginu ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni hins váttryggða til þess að gegna sínu venjulega starfi og möguleikum til að gegna öðrum störfum.

Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis getur félagið krafist heilsufarsupplýsinga af honum, svo og lækni skoðunar á sinn kostnað.

Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis:

- Fyrir lengra tímabil en 1 ár aftur í tímann áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu.
- Vegna sjúkdóma sem váttryggður hafði eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku váttryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku váttryggingarinnar.
- Ef orsök starfsorkumissis er af völdum styrjalda, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar eða svipaðra atvika.
- Ef orsök starfsorkumissisins er misnotkun áfengis, fíkniefna eða eiturefna eða þátttaka í refsiverðum verknaði.

Ákvæði um brot á upplýsingaskyldu, svik og rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi eftir því sem við á.

Um iðgjaldafrelsi gilda að öðru leyti almenn ákvæði skilmála váttryggingarinnar, eftir því sem við á.

### 9. gr. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar

Hafi sjúkdómtrygging verið samþykkt án álags og með venjulegum skilmálum getur váttryggður óskað eftir hækkun á váttryggingarfjárhæð án frekari upplýsinga um heilsufar sitt.

Beiðni og nauðsynleg gögn þurfa að berast skriflega til félagsins innan þriggja mánaða frá eftirfarandi atvikum:

- Váttryggður eignast barn
- Váttryggður ættleiðir barn sem er yngra en 18 ára

Váttryggingarfjárhæðin getur að hámarki hækkað um 25% eða 3.500.000 kr. hvort sem lægra er. Váttryggingarfjárhæðin getur þó aldrei orðið hærra en 12.000.000 kr. Umrædd hækkun váttryggingarfjárhæðar hefur sama gildistíma og sú váttrygging sem verið er að hækka. Þennan rétt má nýta sér í tvígang. Réttur til hækkunar fellur niður frá og með 45 ára afmælisdegi váttryggðs, þegar tilkall hefur verið gert til bóta úr sjúkdómtryggingunni eða ef váttryggður hefur greinst með einhverjum þeirra sjúkdóma, gengist undir eða biður eftir að gangast undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hent eitthvert þeirra tilvika sem teljast bótaskyld skv. Skilmálum þessum.

## 3. kafli - Örorkutrygging

### A. Slysatriyging

#### 1. gr. Bótasvið

Félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir, eins og kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, enda leiði það að minnsta kosti til 50% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Varanleg örorka sem metin er minni en 50% er ekki bótaskyld í vátryggingu þessari.

#### 2. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku

Valdi slys vátryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá því slysið varð, greiðast bætur á grundvelli vátryggingarfjárhæðar örorku á slysdegi sbr. 6. gr. C liðar í 3. kafli. Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu.

Örorkustig getur aldrei orðið meiri en 100%. Örorkan skal í fyrsta lagi metin einu ári eftir slysið, annars síðar, þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós.

Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumatí verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunnri að breytast skal undantekningarlaust framkvæmt örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg.

Ef líkur eru til, að ástand hins slasaða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við, án gildra ástæðna, að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

#### 3. gr. Meðorsakir

Vátryggingin bætir ekki slys, sem beint eða óbeint orsakast af blindu, mikilli nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi, að vátryggður missir starfsorku sína varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi, sem ætla má, að hann hefði orðið fyrir, ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.

### B. Sjúkratriyging

#### 1. gr. Bótasvið

Félagið greiðir bætur af völdum sjúkdóms er vátryggður fær og stafar ekki af slysi, eins og kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, enda leiði það að minnsta kosti til 50% varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Varanleg örorka sem metin er minni en 50% er ekki bótaskyld í vátryggingu þessari. Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar.

#### 2. gr. Bætur vegna varanlegrar örorku.

Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir sjúkdóm, gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegrar örorku. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal metið til varanlegrar örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir sjúkdómminn. Sjúkdómar sem einungis valda lýti, eru ekki bótaskyldir.

Við ákvörðun örorku ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu (læknisfræðileg örorka). Örorkan skal í fyrsta lagi metin einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils.

Telji vátryggður eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumatí verði frestað en þó ekki lengur en í þrjú ár frá upphafi síðasta sjúkratímabils. Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand vátryggðs kunnri að breytast, skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum frá upphafi síðasta sjúkratímabils. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg.

Ef líkur eru til, að ástand hins vátryggða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við, án gildra ástæðna, að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við vátryggingarfjárhæðina, sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins sbr. 6. gr. C liðar 3. kafli. Vátryggingarfjárhæð í upphafi hvers vátryggingartímabils kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### C. Almenn ákvæði um sjúkra og slysabætur

#### 1. gr. Landfræðilegt gildissvið

Vátryggingin gildir á Íslandi. Vátryggingin gildir annarsstaðar í heiminum í allt að sex mánuði frá brottfarardegi frá Íslandi, nema um annað sé samið og slíkt áritað á skírteini.

#### 2. gr. Undanþágur frá bótaskyldu - sjúkdómur eða slys

Vátryggingin bætir ekki:

- Slys eða sjúkdóma sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.



- Slys eða sjúkdóma vegna lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
  - Slys eða sjúkdóma sem orsakast af neyslu eitur- eða nautnalyfja.
  - Slys eða sjúkdóma vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs.
  - Slys eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. sýkla og veira.
  - Slys eða sjúkdóma sem stafa beint eða óbeint af jarðskjálftum, eldgosum, flóðum, skriðum, snjóflóðum og öðrum náttúruhamförum.
  - Slys eða sjúkdóma sem stafa af kjarnorku, jónandi geislun, geislavirkum efnum, styrjöldum, borgarastríði eða óeirðum.
  - Slys, sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
  - Slys er verða við að klífa fjall, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardagaíþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki.
  - Slys, sem verða í hvers kyns flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
  - Starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla.
  - Sjúkdóm sem fyrst hafði sýnt einkenni, áður en váttryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.
- Sumar af áhættum þeim sem undanskildar eru er þó unnt að innifela í váttryggingunni með áritun á váttryggingaskírteinið og greiðslu viðbótariðgjalds.

### 3. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs

Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður. Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvik að öðru leyti.

### 4. gr. Breytingar á áhættu

Sé tiltekið á váttryggingarskírteini að váttryggður sinni tilteknu starfi og sá starfsvettvangur breytist ber váttryggingartaka/váttryggðum að tilkynna félaginu það án tafar. Við slíkar aðstæður er félaginu heimilt að hækka iðgjald frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.

Hafi félaginu ekki borist tilkynning skv. 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir áhættubreytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjald verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega sbr. 88. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

### 5. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

### 6. gr. Vísitölubinding bótafjárhæða – aldurstenging iðgjalds

Váttryggingarfjárhæðir í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir og samsvarandi iðgjald því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar. Iðgjald váttryggingarinnar hækkar við hverja endurnýjun í samræmi við aldur váttryggðs.

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils, en breytast með vísitölu neysliverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan þannig að örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorku varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi eða upphafi sjúkratímabils.

**Gildir frá 01.01.2011**